



Reykjavík 11. janúar 2016

Starfsskýrsla Yndisgróðurs fyrir árið 2015.

Annar áfangi verkefnisins Yndisgróður hófst vorið 2014. Unnið verður eftir markmiðum og verkáætlun sem sjá má í styrkumsókn. Meginmarkmiðið verkefnisins er að koma á markað íslenskur úrvalsplöntum garð- og landslagsplantna.

Nýr starfsmaður, Steinunn Garðarsdóttir var ráðinn í hálf starf frá 16. febrúar 2015.

Markmið 1 Unnið var að vöktun safna Yndisgróðurs eins og undanfarin ár. Umhirðu við söfnin var viðhaldið s.s. illgresishreinsun og áburðargjöf og sérstök áhersla var á klippingu þar sem margir runnar eru orðnir fyrirferðamiklir og óvenjumikið kal var í nokkrum tegundum.

Markmið 2 Yrki sem valin voru til framleiðslu sumarið 2014 var dreift. Safnað var fræi af úrvalsyrki af bersarunna (uppruni Cordova. Alaska ÓVH 1985) á Reykjum sem dreift verður til framleiðenda. Á plöntuskoðunarfundi á Reykjum í júlí og í október, með hagsmunaðilum, voru valin nokkur yrki í framleiðslu (vorbrodur 'Kristinn', meyarós 'Kínarauð', meyarósablendingur 'Steinunn' og íslenskur einir úr Djúpalóni, auk þriggja annarra frá Mörk, Storð og Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar. Unnar voru lýsingar á völdum yrkjum.

Markmið 3 Plöntuteikningar af Yndisgróðum á heimasíðu voru endurnýjaðar <http://yndisgrodur.lbhi.is/pages/1338>. Merkimiðar voru endurnýjaðir að hluta í öllum söfnum eins og kostur gafst. Skráning á upplýsingum um plöntur í gagnagrunn hélt áfram eins og undanfarin ár.

Markmið 4 Lítið var gróðursett af nýjum yrkjum í söfnin, enda er ekki lengur mikið pláss í núverandi beðum. Áætlað er að bæta við beðum a.m.k. á Reykjum.

- a. Í samvinnu við Reykjavíkurborg og gróðrarstöðina Mörk voru valin yrki trjátegunda sem hentað geta sem götutré í bæjarumhverfi og gróðursett.
- b. Í samstarfi við garðplöntuframleiðendur voru fluttar voru inn frá rannsóknarstöð landbúnaðarins í Finnlandi (LUKE) 27 yrki af ýmsum tegundum og yrkjum úrvals runna og fjölæringa (E- plöntur) til gróðursetningar.
- c. Safn íslenskra víðiyrkja aðallega loðvíðis og gulvíðis var ræktað upp í gróðursetningastærð á Hvanneyri og var gróðursett í nýtt beð á Hvanneyri vorið 2015. Kannað var með söfnun á íslenskum efnivið plantna sem hentað gætu sem garð- og landslagsplöntur.
- d. Haldið var áfram að safna og planta fjölærum plöntum í safnið í Fossvogi með áherslu á plöntur sem krefjast lítillar umhirðu fyrir bæjarfélög o.fl. Flutt voru inn valin yrki af fjölærum smáplöntum (20-30) til framhaldsræktunar til gróðursetningar vorið 2016.

Markmið 5 Gefin var út skýrsla í ritröð Lbhi „Garð og landslagsrunnar, lýsing á 19 íslenskum yrkjum“ sem inniheldur fyrstu formlegar og staðlaðar lýsingar á íslenskum garðplöntum sem gefin hefur verið út. Hana má finna á heimasíðu Yndisgróðurs <http://yndisgrodur.lbhi.is/pages/2767>.

Haldnir voru 3 plöntuskoðunarfundir með Félagi garðplöntuframleiðenda 13. júlí og 14. október á Reykjum og 29. júlí í Fossvogi. Yrkisnefnd fundaði tvisvar á árinu og stýrihópur tvisvar. Opnir dagar voru í yndisgöðunum á Hvanneyri, Blönduósi og í Fossvogi.

Heimasíðu YG <http://yndisgrodur.lbhi.is/> var viðhaldið og á Facebook síðu félagsins var upplýsingum um starfsemi Yndisgróðurs og fróðleik tengt starfseminni miðlað til almennings og áhugafólks

Samson Bjarnar Harðarson